



# SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 8. desember 1998

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 123/489*  
*komudagur 8.12.198*

Efni: Umsögn um frv. um breytingu á tekju- og eignarskattslögum (278. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 23. nóvember 1998, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (278. mál).

SÍV fagnar þeirri tillögu sem fram kemur í a-lið 1. gr. frumvarpsins, enda er hún tilkomin vegna ábendingar frá SÍV. Með henni verður bönkum og sparisjóðum gert kleift, ef þeir þess óska, að bjóða upp á bankareikninga þar sem vextir og verðbætur eru skattlagðar með sama hætti og á „kúluskuldabréfum“. Þar með er eytt þeirri mismunun sem upp kom sl. vor þegar lagaákvæði um álagsstuðul var fellt brott.

Þá styður SÍV eindregið þá tillögu sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins um að frádráttur vegna kaupa á hlutabréfum verði framlengdur. Þó leggur SÍV til að sú breyting verði gerð að lágmarkseignarhaldstíminn í 4. mgr. b-liðar 5. gr. verði þrjú ár í stað fimm áramóta. Þar með yrði miðað við sama eignarhaldstíma og í gildandi reglum.

SÍV gerir ekki aðrar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins og hvetur til að það verði afgreitt sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri